



Fyrir er tekið mál nr. 2/2012

Mótanefnd KLÍ  
gegn  
KFR Lærlingum

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR

### I

Aganefnd KLÍ bárust upphaflega tvær kærur mótanefndar í tölvupósti dags. 30. janúar 2012. Kærandi var mótanefnd KLÍ og kærði nefndin annars vegar KFR-Lærlinga og hins vegar Ívar. G. Jónasson leikmann liðsins. Undir rekstri málsins ákvað nefndin að fara með kærurnar sem eina þar sem báðar væru sprotnar upp úr sama atvikinu.

Aganefnd tók málið fyrir þann 31. janúar 2012 og sendi Ólafur Páll Vignisson formaður aganefndar kærurnar til umsagnar með tölvupósti sama dag til Björns G. Sigurðssonar, þar sem honum sem fyrirliða kærða var veittur frestur til föstudagsins 3. febrúar til þess að koma sjónarmiðum sínum og athugasemdum á framfæri.

Í 2. gr. reglugerðar um aganefnd kemur fram að ef dómarskýrsla berist frá öðru liði skuli hinu liðinu gefinn kostur á að skila skýrslu áður en aganefnd tekur málið fyrir og hefur liðið 48 tíma til þess. Í því máli sem hér um ræðir var ekki um að ræða kæru frá öðru liði, en í slíkum tilvikum hefur nefndin horft til ákvæða 2. gr. þannig að hinu kærða liði eða einstaklingi gefist færi á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Nefndin hefur horft til þess að sá tími sem markaður er til þess að koma sjónarmiðum á framfæri sé til þess að skapa hraða málsmeðferð, en nefndin hefur þó vikið frá 48 klst. reglunni sé hún hinu kærða liði eða



einstaklingi í hag, þannig að viðkomandi gefist færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Var það gert í þessu tilviki. Telji nefndin að upplýsingum í málinu sé að einhverju leyti ábótavant áskilur hún sér rétt til þess að kalla eftir þeim upplýsingum sem nefndin telur vanta.

Fyrirliði kærða óskaði eftir nokkurra daga fresti til að koma andsvörum sínum á framfæri með tölvupósti til aganefndar, dags. 2. febrúar 2012. Aganefnd varð við þeirri beiðni og framlengdi frestinn til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri til þriðjudagsins 7. febrúar 2012.

Með tölvupósti dags. 6. febrúar 2012 kvaðst fyrirliði KFR-Lærlinga m.a. ekki geta veitt andsvör við kærinni þar sem ekki væri tekið fram hvaða reglur væri verið að brjóta. Var þess m.a. krafist að kærinni væri vísað frá, en ellegar að útskýrt væri hvaða reglur það væru sem ætluð brot vörðuðu við og myndi hann þá koma með andsvar í kjölfarið.

Með tölvupósti frá formanni aganefndar dags. 8. febrúar 2012 veitti aganefnd fyrirliða kærða kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og gaf honum frest til 10. febrúar 2012. Í tölvupóstinum taldi aganefnd upp möguleg ákvæði sem ætluð brot kynni að varða við. Jafnframt áskildi nefndin sér rétt til þess að kalla eftir frekari sjónarmiðum og upplýsingum frá kæranda og kærða teldi nefndin málið ekki nægjanlega upplýst.

Andsvör og athugasemdir kærða bárust nefndinni í fyrsta sinn með tölvupósti frá fyrirliða kærða dags. 10. febrúar 2012..

Aganefnd hittist á fundi 16. febrúar 2012 til þess að taka málið fyrir. Eftir að hafa farið yfir fyrirbyggjandi gögn komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að gögn hefðu borist frá aðilum málsins og stjórn KLÍ, vantaði ennþá frekari gögn til að hægt væri að úrskurða í málinu.

Ákveðið var að óska eftir tilteknum upplýsingum frá mótanefnd, fyrirliða kærða og stjórn KLÍ. Formaður aganefndar sendi tölvupósta þess efnis til framangreindra aðila samdægurs.

Svar stjórnar KLÍ barst með tölvupósti dags. 17. febrúar 2012. Svar mótanefndar KLÍ barst með tölvupósti dags. 19. febrúar 2012 og svar frá fyrirliða kærða barst með tölvupósti dags. 19. febrúar 2012.

Sú dagsetning sem síðari skýrsla fyrirliða kærða barst er það tímamark sem nefndin miðar við, sbr. 2. gr. reglugerðar um aganefnd, er ræður tímamörkum nefndarinnar til þess að úrskurða í málinu sbr. 13. og 14. gr. reglugerðarinnar, þar sem í tölvupósti þessum bárust þær upplýsingar sem nefndin taldi að þyrfti til þess að lýsa gagnaöflun lokinni og taka málið til úrskurðar.

Aganefndin hittist aftur á fundi 22. febrúar 2012 til þess að fara yfir framkomin gögn. Á fundinum var gagnaöflun lýst lokinni og málið tekið til úrskurðar.



## II.

### Kröfur aðila máls

Af kæru kæranda, mótanefndar KLÍ, má ráða að þess sé krafist að liði KFR-Lærlinga verði veitt refsing vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu og/eða í ljósi þess að liðið hafði vísitandi rangt við í aðdraganda og kjölfar hins kærða atviks.

Þá kærði kærandi þátttöku Ívar G. Jónassonar fyrir ólöglega þátttöku í Íslandsmóti liða þann 29. janúar 2012. Af kærinni má ráða að krafist sé að leikur KFR-Lærlinga og KFA-ÍA-W umrætt sinn verði dæmdur KFR-Lærlingum tapaður.

Af hálfu kærða, Björns G. Sigurðssonar fyrirliða KFR-Lærlinga, er þess aðallega krafist að málinu verði vísað frá en til vara má ráða að krafist sé sýknu af öllum kröfum kæranda.

## III.

### Atvik máls og málsmeðferð

Á þátttökutilkynningu KFR-Lærlinga fyrir keppnistímabilið 2011 – 2012 var liðið skráð til keppni í Íslandsmóti liða, Deildarbikar og Bikarkeppni. Á tilkynningunni voru eftirtaldir liðsmenn skráðir virkir í liðinu: Björn Birgisson, Björn G. Sigurðsson, Freyr Bragason, Ívar G. Jónasson, Steinþór Geirdal Jóhannsson og Sveinn Þrastarson. Fram að hinu kærða atviki höfðu Björn Birgisson og Björn G. Sigurðsson hvor um sig spilað 36 leiki, Steinþór Geirdal Jóhannsson 30 og Ívar G. Jónasson 21, en Freyr Bragason 3 leiki. Þá höfðu Jón Ingi Ragnarsson og Arnar Davíð Jónsson spilað 3 leiki hvor í deildinni þegar kom að 13. umferð. Framangreindir leikmenn töldust því allir virkir leikmenn fram að hinu kærða atviki, samkvæmt 10. grein Reglugerðar KLÍ um Íslandsmót liða.

Freyr var skráður fyrirliði liðsins í upphafi tímabils og var ennþá skráður fyrirliði liðsins í liðsupplýsingum á heimasíðu KLÍ dags 20. febrúar 2012 (því var breytt 22. febrúar 2012). Samkvæmt upplýsingum frá formanni KLÍ dags 17. febrúar 2012 er Björn G. Sigurðsson skráður fyrirliði liðsins í dag og var það þegar úrsagnir tiltekinna liðsmanna voru tilkynntar.

Samkvæmt upplýsingum frá Birni G. Sigurðssyni sem komið hefur fram sem fyrirliði KFR-Lærlinga í málinu þá hefur Freyr Bragason lítið keppt með KFR-Lærlingum í vetur og er að sögn Björns upptekinn á þriðjudögum vegna náms. Aganefnd var jafnframt upplýst um það frá fyrirliða KFR-Lærlinga að Ívar G. Jónasson hefði byrjað í námi um áramót sem kæmi í veg fyrir að hann gæti keppt með KFR-Lærlingum á þriðjudögum það sem eftir væri vetrar.

Þriðjudaginn 24. janúar 2012 var viðureign í 8. liða úrslitum bikarkeppni KLÍ á milli KFR-Lærlinga og ÍR-PLS fyrirhuguð. Steinþór Geirdal Jóhannsson meiddist helgina á undan við keppni í RIG mótinu og fyrirliði liðsins Björn G. Sigurðsson slasaðist við flutninga sömu helgi.



Björn G. Sigurðsson sendi tölvupóst til mótanefndar KLÍ dags 23. janúar 2012 kl. 16:42 þar sem hann sótti um frestun á leik KFR-Lærlinga í 8. liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ á móti ÍR-PLS sem fyrirhugaður var í þriðjudaginn 24. janúar kl. 19:00. Í beiðninni kom fram að hann sjálfur og Steini væru meiddir og Freyr og Ívar væru hættir í liðinu og því aðeins tveir leikmenn sem gætu spilað á þeim tíma sem leikur átti að fara fram.

Mótanefnd KLÍ tók málið til umfjöllunar og hafnaði frestun þar sem það væri brot á reglugerð KLÍ þar sem í liðinu eru 6 virkir leikmenn sem hefðu spilað með liðinu á keppnistímabilinu. Formaður mótanefndar Sigurbjörn S. Vilhjálmsson tilkynnir fyrirliðanum niðurstöðu nefndarinnar með tölvupósti 24. janúar kl. 09:15.

Upplýst hefur verið að fyrirliði KFR-Lærlinga hringdi í formann KLÍ og úr varð að hann skráði Ívar G. Jónason og Freyr Bragason úr KFR-Lærlingum. Þetta var staðfest af Þóri Ingvarssyni formanni KLÍ í tölvupósti 17. febrúar 2012, en þeim ber ekki saman um dagsetninguna.

Þá skráði fyrirliði KFR-Lærlinga einnig Arnar Davíð Jónsson og Jón Inga Ragnarsson úr KFR-Lærlingum í þessu símtali og staðfestir síðan úrsögn þeirra með tölvupósti dags 24. janúar kl. 12:32. Hefur þetta verið staðfest af formanni KLÍ í tölvupósti 17. febrúar, en þeim ber ekki saman um dagsetninguna. Björn segist hafa tilkynnt úrsögn allra leikmanna 24. janúar 2012. Í tölvupósti til formanns KLÍ þar sem hann segir Arnar Davíð og Jón Inga úr liðinu vitnar hann í samtalið.

Fyrirliði KFR-Lærlinga sendi tölvupóst til mótanefndar KLÍ dags 24. janúar 2012 kl. 14:09 þar sem hann sótti aftur um frestun á áðurtilgreindum leik KFR-Lærlinga í 8. liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ á móti ÍR-PLS. Í beiðninni kom fram að auk þeirra ástæðna sem komu fram í fyrri frestunardeildinni daginn áður, þ.e. að Freyr og Ívar væru hættir og Björn og Steinþór meiddir, væru Jón Ingi Ragnarsson og Arnar Davíð Jónsson ekki lengur skráður í KFR-Lærlinga. Auk þess sem Steinþór Geirdal væri staddur á slysavarðstofunni.

Mótanefnd KLÍ fjallaði um málið að nýju. Í gögnum frá nefndinni kemur fram að þegar síðari beiðnin um frestunina barst lá tölvukerfi KLÍ niðri og því var leitað eftir staðfestingu frá formanni KLÍ um úrsögn þessara fjögurra leikmanna. Eftir að formaðurinn hafði staðfest símleidis að lið KFR-Lærlinga var þá einungis skipað fjórum leikmönnum, þar af tveimur sem voru meiddir, samþykkti mótanefnd frestunina.

Formaður mótanefndar KLÍ Sigurbjörn S. Vilhjálmsson tilkynnir frestunina í tölvupósti dags 24. janúar kl. 14:46 til Björns G. Sigurðssonar fyrirliða KFR-Lærlinga, Einars Más Björnssonar fyrirliða ÍR-PLS, stjórnar KLÍ, Theódóru Ólafsdóttur starfsmanns KLÍ og Þórhalls Hálfánarsonar kerfisstjóra KLÍ.

Aganefnd KLÍ var einnig upplýst um að formaður mótanefndar hefði sent fyrirliða KFR-Lærlinga SMS og minnt hann á að liðið ætti að spila í 13. umferð 1. deildar karla á Íslandsmóti liða á móti KFA-ÍA-W í Keilusalnum á Akranesi sunnudaginn 29. janúar 2012.



Liggur ekki fyrir dagsetning á skilaboðinu, en samkvæmt upplýsingum nefndarinnar var það eftir 24. janúar 2012.

Í kjölfarið sótti Ívar G. Jónasson um leikheimild með KFR-Lærlingum, með undirritaðri Umsókn um leikheimild dagsettri 27. janúar 2012 og Steinþór Geirdal Jóhannsson skrifar undir sem fyrirliði. Theódóra Ólafsdóttir starfsmaður KLÍ kvittaði fyrir móttöku umsóknarinnar 28. janúar 2012 og veitti leikheimild frá og með 29. janúar 2012. Staðfest hefur verið að greiðsla liðaskiptagjalds var innt af hendi Keilufélags Reykjavíkur 28. janúar 2012.

Ívar G. Jónasson spilaði með KFR-Lærlingum í 13. umferð 1. deildar karla á Íslandsmóti liða á móti KFA-ÍA-W í Keilusalnum á Akranesi sunnudaginn 29. janúar 2012.

Eftir leikinn sendi Einar Jóel Ingólfsson mótanefndarmaður tölvupóst á mótanefnd KLÍ og greindi þeim frá því að Ívar hefði spilað með liðinu en væri ekki með skráða leikheimild með liðinu í Umsjónarkerfi KLÍ þar sem hann hefði verið skráður úr liðinu frá og með 20. janúar 2012. Mótanefnd fjallaði um málið og tók ákvörðun um að kæra Ívar og KFR-Lærlinga.

Einar Jóel Ingólfsson nefndarmaður í mótanefnd KLÍ sendir tölvupóst fyrir hönd mótanefndar á aganefnd KLÍ þann 30. janúar 2012 þar sem mótanefnd lagði fram tvær kærur.

Annars vegar kærði mótanefnd KLÍ Ívar G. Jónasson leikmann KFR-Lærlinga fyrir ólöglega þátttöku í 13. umferð 1. deildar karla á Íslandsmóti liða á móti KFA-ÍA-W sem fór fram í Keilusalnum á Akranesi sunnudaginn 29. janúar 2012. Hins vegar kærði mótanefnd KLÍ KFR-Lærlinga fyrir að hafa vísitandi rangt við og/eða sýnt óíþróttamannslega hegðun þegar þeir skráðu leikmenn úr liðinu til að geta sótt um frestun á leik á móti ÍR-PLS í 8. liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ, sem átti að fara fram í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð þriðjudaginn 24. janúar 2012.

Ólafur Páll Vignisson formaður aganefndar KLÍ staðfesti móttöku kærunnar og sendi tölvupóst og meðfylgjandi kæru frá mótanefnd á Björn G. Sigurðsson fyrirliða KFR-Lærlinga og Þóri Ingvarsson formann KFR 31. janúar 2012 þar sem greint var frá því að mótanefnd KLÍ hafi annars vegar kært Ívar og hins vegar KFR-Lærlinga. Birni var gefið tækifæri til að koma sjónamiðum sínum á framfæri við aganefnd og frestur veittur til föstudags 3. febrúar kl. 16:00.

Björn G. Sigurðsson fyrirliði KFR-Lærlinga sendi tölvupóst á aganefnd KLÍ 2. febrúar 2012 þar sem hann fer fram á frest til að skila inn andsvari fram yfir helgi. Formaður aganefndar svaraði tölvupóstinum og veitti frest til þriðjudagsins 7. febrúar kl. 16:00.

Björn G. Sigurðsson fyrirliði KFR-Lærlinga sendi tölvupóst til aganefndar KLÍ 6. febrúar 2012 þar sem hann lýsti því yfir að hann viti ekki hvað reglur hefðu verið brotnar eða um hvað óíþróttamannslegu hegðun hafi verið að ræða. Ívar hefði verið kominn með leikheimild og mótanefnd hefði veitt þeim frestun með lögætum hætti. Fór Björn fram á að aganefnd vísaði kærinni frá.



Formaður Aganefndar KLÍ svaraði Birni með tölvupósti 8. febrúar 2012 þar sem fram kom að unnið væri að gagnaöflun og mikilvægt væri fá upplýsingar frá aðilum málsins. Óskað var eftir frekari upplýsingar um það hverjir voru skráðir úr liðinu, hvenær og í hvaða tilgangi. Hverjir voru skráðir aftur í liðið, hvenær og í hvaða tilgangi. Sérteklega var óskað eftir skýringum á því hvers vegna leikmaður hafi verið skráður á nýjan leik hafi hann verið skráður úr liðinu skömmu áður. Var Birni gefinn frestur til að svara til föstudagsins 10. febrúar kl. 09:00.

Björn G. Sigurðsson fyrirliði KFR-Lærlinga svaraði spurningum aganefndar KLÍ með tölvupósti, dags. 10. febrúar 2012.

Aganefnd KLÍ kom saman til fundar þann 16. febrúar 2012 kl. 17:00. Niðurstaða fundarins var að óska eftir frekari upplýsingum varðandi málið. Sama kvöld sendi formaður aganefndar tölvupósti á fyrirliða KFR-Lærlinga, stjórn KLÍ og mótanefnd KLÍ þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum og svörum við spurningum nefndarinnar.

Svör bárust í tveimur tölvupóstum ásamt viðhengjum frá Birni G. Sigurðssyni þann 19. febrúar 2012, í tölvupósti ásamt viðhengjum frá Hreiðari Rafni Sverrissyni fyrir hönd mótanefndar KLÍ dags 20. febrúar 2012 og í tölvupósti ásamt viðhengi frá Þóri Ingvarssyni fyrir hönd stjórnar KLÍ dags 17. febrúar 2012.

Aganefnd KLÍ kom öðru sinni saman til fundar þann 22. febrúar kl. 12:00 og í kjölfarið var málið tekið til úrskurðar.

## IV

### Málsástæður og lagarök

Af kæru mótanefndar KLÍ má ráða að helstu röksemdir kæranda séu þær að KFR-Lærlingar hefðu haft vísitandi rangt við og/eða sýnt af sér óíþróttamannslega háttsemi þegar þeir skráðu leikmenn úr liðinu til þess freista þess að fá fram frestun á leik liðsins við ÍR-KLS í 8. liða úrslitum bikarkeppni KLÍ. En þeir höfðu áður fengið synjun á frestun á leiknum þar sem mótanefnd taldi það brot á reglum KLÍ að veita umrædda frestun þar sem í liðinu væru nægjanlega margir leikmenn skráðir virkir til þess að leikurinn gæti farið fram.

Í kæru mótanefndar KLÍ er það tilgreint að KFR-Lærlingar hefðu skráð Frey Bragason, Ívar G. Jónasson, Arnar Davíð Jónsson og Jón Inga Ragnarsson úr liðinu til þess að geta uppfyllt ákvæði um frestun vegna veigamikilla ástæðna og vísuðu í tölvupósta nefndarinnar sem fylgdu með kærinni því til stuðnings.

Þá kærði mótanefnd KLÍ einnig Ívar G. Jónasson fyrir ólöglega þátttöku í Íslandsmóti liða er hann keppti með KFR-Lærlingum þann 29. janúar 2012 og vísaði nefndin til þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem hún hefði undir höndum hefði Ívar verið skráður úr liðinu þann 20. janúar 2012.



Kærði Björn G. Sigurðsson fyrirliði KFR-Lærlinga krafðist frávísunar í tölvupósti sínum þann 6. febrúar 2012 þar sem hvergi væri tekið fram hvaða lög/reglur hann átti að hafa brotið. Af hálfu kærða fyrir frávísunar kröfunni má ráða að helstu röksemdir hans séu þær að í kærum verði að taka af allan vafa af um það hvað sé kært fyrir, aganefnd eigi ekki að vera með getgátur um það hvað kærandi sé að meina og megi undir engum kringumstæðum reyna að fá útskýringar á kærinni frá kæranda. Kæran sé það plagg sem aganefnd fer eftir og ef það er óskýrt eða takmarkað þá eigi aganefnd að vísa kærinni frá.

Til vara krafðist kærandi að ef aganefnd kæmist að því að hún myndi taka kæru fyrir þá yrði kærandi að fá að vita hvaða lög og reglur eigi að hafa verið brotin/nar og myndi hann þá koma með andsvar í kjölfarið.

Fram kom þó í póstinum að Ívar hefði verið kominn með leikheimild frá KLÍ umrætt sinn. Jafnframt að fyrir kærða liti þetta þannig út að mótanefnd hefði veitt frestun og kært síðan fyrir það að hafa fengið frestun með lögmætum hætti. Í kæru væri talað um „óíþróttamannslega hegðun“, en ekki útskýrt hvað væri átt við með því. Að mati kæranda væri um að ræða orðagjálfur sem væri gjörsamlega innantómt og einskis vert ef ekki fylgdi skýring með.

Ólafur Páll Vignisson formaður aganefndar KLÍ óskaði fyrir hönd nefndarinnar eftir frekari skýringum frá kærða með tölvupósti dagsettum 8. febrúar 2012. Í póstinum kom fram að aganefnd myndi taka afstöðu til þess hvort kæran yrði tekin fyrir eða henni vísað frá þegar allar upplýsingar málsins myndu liggja fyrir. Jafnframt kom fram að í þeim kærum sem aganefnd hefði tekið fyrir, hefði ekki alltaf verið tekið fram af hálfu kæranda hvaða reglur kynnu að hafa verið brotnar eða ekki.

Þá var tekið fram í póstinum, án þess að um það væri fullyrt á frumstigum kærúmáls þessa, að kæran kynni einkum að lúta að því hvort liðsmenn Lærlinga hefðu mögulega komið fram með óíþróttamannslegri framkomu og/eða hafa vísvitandi rangt við sbr. 4. gr. reglugerðar aganefndar með því að skrá liðsmenn úr liðinu og freistað þess með því að fá viðureign frestað sem mótanefnd hafði áður neitað um frestun, og í kjölfarið skráð leikmann aftur í liðið fyrir næstu viðureign.

Fram kom í tölvupóstinum að aganefnd hefði ekki skoðað málið ofan í kjölinn. Unnið væri að gagnaöflun og því væri mikilvægt að fá sjónarmið kæranda til framkominnar kæru.

Í ljósi þess gaf aganefnd kærða færi á því að koma sjónarmiðum kærða á framfæri við aganefnd og óskaði nefndin eftirfarandi upplýsinga:

1. Einkum var óskað upplýsinga um það hvaða leikmenn Lærlinga voru skráðir úr liðinu umrætt sinn, hvenær það var gert og í hvaða tilgangi.
2. Jafnframt var þess óskað að upplýsingar yrðu gefnar um það hvaða leikmenn voru skráðir aftur í lið Lærlinga, hvenær það var gert og í hvaða tilgangi.



3. Var þess sérstaklega óskað að gefnar yrðu skýringar á því hvers vegna leikmaður hefði verið skráður á nýjan leik hefði hann verið skráður úr liðinu skömmu áður.
4. Gafst kærða jafnframt tækifæri á að koma öðrum og frekari sjónarmiðum hans og liðsins á framfæri sem hann taldi skipta máli.

Með tölvupósti frá Birni G. Sigurðssyni dags. 10. febrúar 2012 bárust frekari sjónarmið kærða. Kærði lýsti því að hafa skráð fjóra óvirka leikmenn úr liðinu, en þar sem þeir höfðu spilað með liðinu í vetur hefði mótanefnd litið á þá sem virka. Jón Ingi og Arnar Davíð væru búsettir í Noregi.

Kvaðst kærði mótanefnd telja að liðið gæti fengið þá til landsins með stuttum fyrirvara til að leika með liðinu þegar eitthvað kæmi uppá. Voru þeir skráðir í kjölfarið úr liðinu, enda væri ekki fyrirséð að þeir myndu spila með liðinu meira á þessu tímabili.

Þá voru Freyr og Ívar skráðir úr liðinu, en þeir eru báðir í skóla á þriðjudagskvöldum og gætu af þeim sökum ekki spilað með liðinu á þeim kvöldum. Kærði kvað Frey ekki hafa spilað einn leik á þriðjudagskvöldi með liðinu í vetur og Ívar ekki heldur eftir áramót, en þá byrjaði hann í skólanum. Kvaðst kærði mótanefnd telja þá geta komið og spilað með liðinu þrátt fyrir að þeir gætu það ekki eftir að liðið hafði tjáð mótanefndarmanni hvernig staðan á þeim væri.

Þá greindi kærði frá því að Ívar hefði verið skráður í liðið þar sem Steini hefði enn verið meiddur og leikurinn var um helgi, þannig að Ívar átti möguleika á að spila. Það væri alveg klárt að Steini væri mun betri leikmaður en Ívar og því væri liðið ekki að styrkja sig með einhverjum kúntum, ef það væri hugsun mótanefndarmanna.

Kærði ítrekaði að það væri ekki útskýrt í kærinni hvað væri átt við með óíþróttamannslegri hegðun, né hvernig liðið hefði átt að hafa haft rangt við. Kærði fór þar næst yfir atburðarrásina eins og hún blasti við sér. Fyrirliðinn stóð í flutningum á laugardeginum fyrir bikarleikinn og klemmdi sig á hægri hendi. Seinna fékk hann símtal frá Steina þar sem hann tjáði sér að hann hefði meiðst illa í úlnliðnum í RIG-mótinu og hefði átt í erfiðleikum með að klára mótið líkt og vitni gætu staðfest. Hann versnaði síðan stöðugt næstu daga og á þriðjudeginum fór hann síðan á slysavarðstofuna þar sem honum var ráðlagt að hvíla úlnliðinn alveg næstu vikuna.

Í kjölfarið var sótt um frestun á bikarleiknum, enda voru einungis tveir leikmenn eftir sem gátu spilað, Björn B. og Sveinn. Ívar og Freyr væru í skóla á þriðjudagskvöldum og þau kvöld væru það mikilvæg í náminu að þeir ættu engan möguleika á að spila með liðinu. Arnar Davíð og Jón Ingi væru búsettir í Noregi og því væri ekki hægt að kalla þá til með þetta stuttum fyrirvara. Mótanefnd hafnaði frestunarbeiðni liðsins á þeim forsendum að það væru 6 leikmenn skráðir í liðið fyrir utan fyrirliðann og Steina. Komst liðið að því þarna að það væri mjög vont að vera með fullt af leikmönnum skráða í liðið sem gætu ekki spilað. Voru þeir því allir skráðir úr liðinu sem voru óvirkir, Arnar, Jón, Ívar og Frey, enda taldi liðið á þeim





tímapunkti nokkuð ljóst að það gæti ekki notað þá meira það sem eftir væri af deildinni. Eftir þetta þá voru einungis þeir fjórir leikmenn sem gátu spilað með liðinu á þriðjudögum eftir.

Vegna flutninganna var fyrirliði liðsins ekki í net sambandi og því vissi hann ekki um deildarleikinn á sunnudaginn, fyrr en formaður mótanefndar benti sér á það með SMS skeyti, enda hafði hann heyrt á þriðjudeginum þegar liðið sótti um um frestunina að liðið hafði ekki hugmynd um leikinn.

Fram kom af hálfu fyrirliðans að hann hefði jafnað sig það mikið í hendinni að hann gæti spilað, en Steini var enn óleikhæfur þegar kom að helgar leiknum. Það virtist því í fyrstu að einungis gætu spilað þrír, en síðan áttaði liðið sig á því að Ívar væri ekki í skólanum á sunnudögum og gæti því spilað þennan leik.

Í ljósi þess fór liðið yfir reglur KLÍ og komst að því að það væri í lagi að skrá hann aftur í liðið. Hann var því skráður aftur í liðið eins og lög og reglur sambandsins gerðu ráð fyrir. Rætt var við formann KLÍ við það tækifæri og fékk liðið fullvissu hans á því að Ívar væri með leikheimild og að við værum ekki að brjóta neinar reglur.

Kærði kveðst ekki hafa verið að brjóta reglur þvert á móti hefði liðið verið að fara eftir reglum. Hvergi væri minnst á það í kærinni hvaða reglur liðið ætti að hafa brotið og því væri í raun ekki hægt að gefa almennilegt andsvar við þessari kæru. Það væri ekki heldur útskýrt hvað hefði verið rangt við það sem liðið gerði. Það eina sem liðið gerði var að skrá fjóra leikmenn úr liðinu og síðan tæpri viku síðar varð liðið að skrá einn þeirra í liðið aftur.

Í kjölfarið velti kærði því upp hvort það væri óíþróttamannslegt eða hvort haft hefði verið rangt við að skrá menn úr liði eða hvort það væri óíþróttamannslegt eða að hafa rangt við að skrá menn í lið. Væri það óíþróttamannslegt eða að hafa rangt við ef einhver gerði þetta hvoru tveggja eða væri það óíþróttamannslegt eða hafa rangt ef tímaramminn væri innan einhvers ákveðins tíma.

Kærði benti á að strangt til tekið þá ætti liðurinn í reglum KLÍ „REGLUGERÐ KLÍ UM FÉLAGA- OG/EÐA LIÐASKIPTI“ ekki við þegar einungis væri verið að skrá leikmann úr liði og/eða í sama lið aftur. Eins og haus reglugerðarinnar segði skýrt þá væri þetta reglur um liða- og/eða félagaskipti, í tilfelli kærða var hvorki um liða- né félagaskipti að ræða.

Jafnvel þó reglugerðin ætti við gæti kærði samt ekki séð að neinar reglur hefðu verið brotnar. Einnig sæi kærði ekki hvernig liðið ætti að hagnast á því að setja lakari leikmann (20 pinnum lakari í deildarmeðtalinu í vetur) inn á í stað besta leikmanns liðsins.

Ólafur Páll Vignisson formaður aganefndar óskaði fyrir hönd nefndarinnar eftir frekari skýringum frá fyrirliða kærða með tölvupósti dags. 16. febrúar 2012, þar sem óskað var eftirfarandi viðbótarupplýsinga:



1. Hvenær og með hvaða hætti var úrsögn liðsmanna tilkynnt? Hverjir voru skráðir úr liðinu umrætt sinn?
2. Hvaða fjórir óvirkir leikmenn voru skráðir úr liðinu umrætt sinn?
3. Hvers vegna var Ívar skráður í liðið á ný fyrst hann var hættur keiluiðkun og/eða keilu með Lærlingum svo skömmu eftir að fullyrt var að hann hafði hætt?

Óskað var allra tölvupóstsamskipta við stjórn eða starfsmann KLÍ vegna úrsagnarinnar.

Svar fyrirliða kærða Björns G. Sigurðssonar barst með tölvupósti dags. 19. febrúar 2012., þar sem fram kom að þann 24. janúar hefði verið haft samband við formann KLÍ til þess að úrskrá Jón Inga, Arnar Davíð, Ívar og Frey.

Fram kom að mati kærða að fyrir honum væru leikmenn sem ekki gætu spilað með liðinu óvirkir, allavega þar til sú staða breytist. Helst hefði liðið vilji hafa þá skráða í liðið, en vegna reglna mótanefndar þá gerði það liðinu erfitt um vik við að fá frestanir þegar liðið sannarlega þyrfti á því að halda.

Fyrirliði kærða spurði hver hefði sagt það að Ívar væri hættur keiluiðkun og/eða keilu með Lærlingum. Það væri ekkert samasemmerki á milli þess að „hætta keiluiðkun og/eða keilu með liði“ og þess að skrá mann úr liði, slíkt þyrfti að hafa á hreinu.

Liðið sá ekki frammá á þeim tímapunkti að Ívar gæti spilað meira með liðinu það sem eftir væri af tímabilinu. Kom fram að það hefði verið mat liðsins á þessum tímapunkti að Ívar og Freyr myndu ekki nýtast liðinu af ofangreindum sökum meira það sem eftir var af tímabilinu. Fyrirliði kærða velti því upp hvort einhver tímarammi væri í reglum KLÍ um hvenær það mætti skrá menn aftur í lið eftir að hann hefur verið skráður úr liði. Ef það væri ekki í lagi að skrá menn aftur í lið innan einhvers ákveðins tíma eftir úrskráningu, þyrfti slíkt að koma fram í reglum KLÍ.

Það væri ekki hægt að gera þá kröfu til leikmanna að þeir þekktu einhverjar ímyndaðar reglur mótanefndar sem ekki væri til í reglum KLÍ. Það þýddi ekki að koma eftir á og segja að liðið hefði farið að reglum en reglurnar væru ekki aganefnd að skapi og því beri að dæma liðið, ef það væri það sem nefndin væri að velta fyrir sér.

Kærði kveðst ekki að liðið hafi farið í kringum reglurnar heldur hefði liðið farið eftir þeim. Ef aganefnd ætlar liðinu að hafa verið að svindla þyrfti nefndin að hafa góðar sannanir fyrir því, en liðið teldi sig hafa hafa góðar sannanir fyrir því gagnstæða.

## V. Niðurstaða

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum málsins og þeim upplýsingum sem aganefnd KLÍ hafa verið látnar í té er óumdeilt að fjórir nafngreindir leikmenn voru skráðir úr liði KFR-Lærlinga



fyrir viðureign liðsins og ÍR-PLS í 8. liða úrslitum bikarkeppni KLÍ sem upphaflega var fyrirhugaður þann 24. janúar 2012. Mótanefnd KLÍ, sem áður hafði neitað frestun, tók málið fyrir á nýjan leik og frestaði leiknum til laugardagsins 4. febrúar 2012 þar sem ekki væru nema 2 virkir leikfærir leikmenn. Þá er það óumdeilt að einn leikmannanna fjögurra, Ívar G. Jónasson, var á skráður á ný í lið KFR-Lærlinga og honum veitt leikheimild af hálfu stjórnar KLÍ fyrir viðureign liðsins og KFA-ÍA-W sem háður var þann 29. janúar 2012.

Ágreiningsefni fyrir aganefnd er því einkum hvort sú háttsemi kærða, að skrá fjóra tilgreinda leikmenn liðsins úr liðinu til þess að freista þess að fá frestun viðureignar liðsins í 8. liða úrslitum bikarkeppninnar eftir að hafa fengið neitun og að skrá einn af þeim að nýju í liðið fyrir næstu viðureign liðsins sem háð var 5 dögum eftir fyrirhugaðan bikarleik teljist gróf óíþróttamannsleg háttsemi og/eða að liðið hafi haft vísvitandi rangt við umrætt sinn. Lítur ágreiningsefnið einnig að því hvort Ívar G. Jónasson hafi haft gilda leikheimild er hann lék með KFR-Lærlingum á móti KFA-ÍA-W í 13. umferð Íslandsmót liða.

Við úrlausn málsins studdist aganefnd við kærnu mótanefndar og fylgigagna hennar, sem einkum voru tölvupóstar á milli kærða og kæranda, við athugasemd og greinargerð kærða sem bárust í tveimur tölvupóstum auk viðbótarupplýsinga sem nefndin kallaði eftir frá kærða. Þá studdist nefndin við viðbótarupplýsingar sem nefndin óskaði eftir frá mótanefnd auk gagna og upplýsinga frá stjórn KLÍ er bárust í tölvupóstum auk fylgigagna.

Skal nú vikið að einstökum atriðum í kröfugerð aðila.

#### **a) Krafa um frávísun**

Ekki er fallist á aðalkröfu kærða um frávísun á þeim grunni að ekki hefði verið tekið fram hvaða lög eða reglur kærði á að hafa brotið eða að hún hafi verið óskýr. Að mati aganefndar KLÍ telur hún kærana nægjanlega skýra. Af kærinni má ráða að kært var fyrir þá háttsemi að skrá leikmenn úr liðinu til þess að freista þess að fá frestun leik liðsins í bikarkeppninni, í því sambandi taldi kærandi að um væri að ræða grófa óíþróttamannslega framkomu og/eða að liðið hefði haft vísvitandi rangt við.

Að mati aganefndarinnar komi því fram í kærinni með óyggjandi hætti í inntaki kærinnar við hvaða háttsemi sé átt við og sé því fullfær af þeim sökum að taka afstöðu til efnis kærinnar. Verður því kærinni ekki vísað frá af þessum sökum.

#### **b) Krafan um óíþróttamannslega framkomu KFR-Lærlinga og/eða að liðið hafi haft vísvitandi rangt við.**

Aðalágreiningsefni máls þessa er hvort KFR-Lærlingar hafi komið fram með grófri óíþróttamannslegri framkomu og/eða haft vísvitandi rangt við er þeir skráðu fjóra leikmenn úr



liðinu til þess að fá fram frestun á tilteknum leik, en skömmu síðar skrá einn liðsmannanna aftur í liðið.

Mótanefnd KLÍ tekur ákvarðanir um frestanir viðureigna. Styðst nefndin einkum í því sambandi við ákvæði 10. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót liða. Fram til þessa hefur nefndin stuðst við ákvæði reglugerðarinnar þó hún einskorðist við Íslandsmót liða en ekki bikarkeppni og horfir til ákvæðisins þegar nefndin vikor frá fyrirframákveðinni dagskrá og frestar viðureignum. Fram til þessa hefur framkvæmd mótanefndar verið með þeim hætti að ekki sé veitt frestun viðureignar ef a.m.k. þrír virkir leikmenn eru til taks.

Í upphafi leiktíðar voru 6 leikmenn skráðir virkir hjá KFR-Lærlingum. Um var að ræða Björn G. Sigurðsson, Frey Bragason, Steinþór Geirdal Jóhannsson, Svein Þrastarson, Björn Birgisson og Ívar G. Jónasson. Arnar Davíð Jónsson og Jón Ingi Ragnarsson voru skráðir óvirkir leikmenn liðsins. Þar sem þeir léku þó með liðinu eftir að tímabilið hófst teljast þeir virkir leikmenn skv. ákvæðum 4. mgr. 10. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót liða.

Af gögnum málsins má ráða að mótanefnd hafði synjað kærða um frestun upphaflega þrátt fyrir meiðsli Steinþórs Geirdals Jóhannssonar og Björns G. Sigurðssonar þar sem 6 aðrir leikmenn voru skráðir virkir. Af gögnum málsins verður séð að af þeim sökum voru liðsmenn KFR-Lærlinga skráðir úr liðinu. Fyrst virðast Freyr og Ívar að hafa verið skráðir úr liðinu, en kærði fullyrti það við kæranda að leikmennirnir væru hettir í keilu líkt og gögn málsins bera með sér. Síðar voru Arnar Davíð og Jón Ingi skráðir úr liðinu.

Þrátt fyrir að ákvæði reglugerða KLÍ mæla fyrir um hvernig standa skuli að úrsögnum leikmanna úr liðum virðist ákveðinn misbrestur hafa verið á því að fyrirkomulaginu hafi verið fylgt, enda ber mönnum ekki saman um það hvenær nákvæmlega úrsagnirnar bárust KLÍ. Þrátt fyrir að ákveðinn misbrestur virðist hafa verið á því hvernig standa hefði átt að úrsögnum liðsmanna, sem telja verður að sé ávallt á ábyrgð viðkomandi liðs og leikmanna, telur aganefnd sig ekki hafa heimildir til að endurskoða þær ákvarðanir, enda voru þær samþykktar af KLÍ.

Aftur á móti og miðað við fyrirliggjandi gögn verður ekki annað séð en að úrskráning liðsmanna umrætt sinn hafi eingöngu verið gerð í þeim tilgangi að knýja fram umrædda frestun. Að mati aganefndar KLÍ kemur það bersýnilega í ljós fyrst liðið skráði einn af umræddum leikmönnum í liðið aftur í sömu vikunni og frestaði leikurinn átti að fara fram, jafnvel þó fullyrt hefði verið við mótanefnd að umræddur leikmaður væri hettur.

Aganefnd KLÍ dregur ekki í efa þær skýringar kærða að Björn G. Sigurðsson og Steinþór Geirdal Jóhannsson voru meiddir umrætt sinn. Getur aganefnd fallist á að liðið hafi staðið fyrir ákveðnum vanda þegar kom að uppstillingu liðsins á þriðjudegi þar sem tveir af sterkustu mönnum liðsins voru frá vegna meiðsla. Þá getur nefndin fallist á þær skýringar að Freyr og Ívar væru í skóla og um mikilvæg kvöld í skóla þeirra beggja væri að á þriðjudagskvöldum. Þrátt fyrir það liggur ekki fyrir í málinu neitt sem varpar ljósi á það að



þeim hefði það verið alfarið ómögulegt fyrir þá báða eða annan þeirra að mæta umrætt sinn í ljósi þess sem liðið stóð frammi fyrir umrætt sinn, þ.e. meiðsla tveggja leikmanna. Ekki verður séð að leitað hafi verið annarra leiða til þess að manna liðið umrætt sinn, en að skrá alla þessa tilteknu liðsmenn úr liðinu til þess að knýja á um frestun.

Þá verður ekki annað séð miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu að mótanefnd KLÍ hafi verið blekk't í aðdraganda síðari frestunarbeiðninnar þar sem fullyrt var við nefndina að Ívar og Freyr væru hættir. Verður að telja þessa fullyrðingu fyrirliða liðsins ámælisverða í ljósi þess að Ívar var skráður í liðið að nýju 5 dögum síðar.

Það að skrá fjóra virka leikmenn, sbr. 4. mgr. 10. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót liða, úr liðinu til þess að freista þess að fresta umræddum bikarleik og skrá á ný einn af þeim fjórum aftur í liðið 5 dögum síðar, án þess að fyrir liggi í málinu að liðinu hefði verið það alfarið ómögulegt að leika umræddan leik, er að mati aganefndar miðað við allar fyrirbyggjandi háttsemi sem ekki geti talist samrýmast 10. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót liða og þá venjuhelguðu framkvæmd sem mótanefnd styðst við við ákvörðunartöku sína.

Aganefnd KLÍ getur ekki fallist á að það samrýmist reglum um Íslandsmót liða synji mótanefnd um frestun að lið skrái leikmenn úr liði til þess að knýja á um frestun og skrái þá aftur í liðið að nýju skömmu síðar, einn eða fleiri, samrýmist þeim undirstöðurökum sem búi að baki því ákvæði er heimili mótanefnd að ákvarða frávik frá fyrirfram ákveðinni dagskrá. Heimild mótanefndar í þessu tilviki er undanþáguheimild frá fyrirframákveðinni dagskrá, sem að mati aganefndar beri að túlka þröngt.

Aganefnd KLÍ hefur áður kveðið á um það í úrskurðum sínum að það endurskoði ekki ákvarðanir mótanefndar KLÍ um frestun viðureigna heldur sé það mótanefndar að meta fram komin gögn þegar ákvörðun er tekin um frestun viðureignar. Í því máli sem hér um ræðir, og þegar atburðarásin er öll skoðuð í samhengi verður hins vegar ekki hjá því komist að mati aganefndar en að líta þannig að á mótanefnd hafi verið blekk't. Hafi það komið í ljós eftir að Ívar var skráður í liðið að nýju. Í ljósi þess telur aganefnd sig hafa heimild til þess að leggja mat á það hvort kærði hafi komið fram í aðdraganda og í kjölfar frestunarbeiðninnar með grófri óíþróttamannslegri framkomu og/eða haft vísvitandi rangt við umrætt sinn. Að öllu framangreindu sögðu, miðað við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar þar sem fram kemur að mati aganefndar að mótanefnd var blekk't í aðdraganda frestunarbeiðninnar og að fullyrðingar fyrirliðans við upplýsingagjöf við aganefnd hafa ekki allar reynst réttar, telur nefndin ljóst, að lið KFR Lærlinga og fyrirliði liðsins hafi haft rangt við umrætt sinn þegar skráðir voru leikmenn úr liðinu til þess að knýja á um frestun, án þess sýnt hafi verið fram á að fullreynt hafi verið að manna liðið umrætt sinn og í ljósi þess að einn af hinum úrskráðu leikmönnum var skráður í liðið 5 dögum eftir að frestaði leikurinn átti að hafa farið fram.

Það er mat meirihluta nefndarinnar að bæði liðið og fyrirliði liðsins sem kemur fram fyrir hönd liðsins skuli sæta refsingu vegna þessa. Þar sem brotið var ekki framið á leikstað horfir



nefndin einkum til 6. gr. reglugerðar um aganefnd við ákvörðun refsingar. Reglugerðin mælir fyrir um heimild nefndarinnar til þess að ákvarða mönnum tímabundna refsingu. Við mat á þeirri ákvörðun horfi nefndin til 4.gr. reglugerðarinnar við ákvörðun á tímalengd refsingar.

Í ljósi þess sem rakið hefur verið, telur aganefnd KLÍ að farið hafi verið á svig við ákvæði reglugerðar KLÍ varðandi frestun viðureigna. Að mati nefndarinnar er um að ræða háttsemi þar sem haft er vísvitandi rangt við. Í ljósi þess telur meirihluti nefndarinnar að viðureign KFR-Lærlinga í 8. liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ skuli úrskurðuð liðinu töpuð og skor liðsmanna fellt niður. Í því sambandi horfir meirihluti nefndarinnar til 11. gr. reglugerðar um aganefnd KLÍ þar sem það er mat meirihluta aganefndar þegar öll gögn og upplýsingar er skoðuð, þrátt fyrir að mótanefnd hafi frestað viðureigninni umrætt sinn að þá hafi liðið þrátt fyrir það ekki haft gilda ástæðu til þess að mæta ekki umrætt sinn til leiks þar sem mótanefnd var beitt blekkingum og skuli viðureignin því úrskurðuð töpuð.

Þá er það niðurstaða aganefndar að fyrirliði liðsins sæti leikbanni í öllum mótum á vegum KLÍ í 3 mánuði frá og með 2. mars 2012 til og með 2. júní 2012. Þar sem leikbanni hans lýkur á framangreindum degi öðlast hann rétt til þátttöku á mótum á vegum KLÍ daginn eftir.

### c) **Krafa um ólögmeða þátttöku Ívars**

Ívar G. Jónasson var skráður úr KFR-Lærlingum símleiðis, en skráður að nýju í liðið þann 28. janúar sl., þar sem hann öðlaðist leikheimild daginn eftir. Þar sem KLÍ veitti Ívari heimild umrætt sinn telur nefndin ekki hafa heimild til þess að vefengja gildi leikheimildarinnar þar sem hún var móttækin af starfsmanni KLÍ umrætt sinn og liðaskiptagjald greitt sama dag og ósk um leikheimild var móttækin.

Að mati aganefndar var Ívar löglegur umrætt sinn er hann spilaði gegn KFA-ÍA-W.

### **Úrskurðarorð**

Kröfu kærða um frávísun er hafnað.

Fallist er á að KFR-Lærlingar og fyrirliði liðsins hafi haft vísvitandi rangt við í aðdraganda og kjölfar frestunar á leik liðsins og ÍR-PLS í 8 liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ á móti ÍR-PLS.

Viðureign liðanna í 8. liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ sem fram fór laugardaginn 4. febrúar 2012 skal úrskurðuð KFR-Lærlingum töpuð og allt skor leikmanna fellt niður. Lið ÍR-PLS öðlast þátttökurétt í 4. liða úrslitum Bikarkeppni KLÍ sem eiga að fara fram þriðjudaginn 10. apríl 2012.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

---

Björn G. Sigurðsson fyrirliði KFR-Lærlinga sæti tímabundnu keppnisbanni í öllum mótum á vegum KLÍ 3 mánuði frá og með 2. mars 2012 til og með 2. júní 2012.

Kröfu um ólögmeta þátttöku Ívars G. Jónassonar í 13. umferð Íslandsmóts liða er hafnað.

Ólafur Páll Vignisson

Guðmundur Sigurðsson

Sigríður Klemensdóttir

Bragi Már Bragason

Ómar Kristjánsson